

Starfsfólkið leggur mikið upp úr því að sjúklingar og aðstandendur finni fyrir öryggi á deildinni og líði eins vel og kostur er meðan þeir dvelja hjá okkur. Ef spurningar vakna erum við ávallt reiðubúin að svara þeim eftir bestu getu.

Með ósk um góðan bata!

Starfsfólk lyf- og húðlækningadeildar A-2

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða við þig eða aðra um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga á deildinni.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.


ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI LYFLÆKNINGASVIÐ I
LYF- OG HÚÐLÆKNINGADEILD A-2
FYRSTA ÚTGÁFA MAÍ 2008

HÖFUNDAR:
STARFSFÓLK LYF- OG HÚÐLÆKNINGADEILDAR A-2

ÁBYRGÐARMAÐUR:
MARÍA VIGDÍS SVERRISDÓTTIR, DEILDARSTJÓRI

HÖNNUN:
KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC

Lyf- og húðlækninga- deild A-2



Verið velkomin á deildina

Deild A-2 er á 2. hæð á Landspítala í Fossvogi og tilheyrir lyflækningasviði I. Deildin er 5 daga deild, opin virka daga frá kl. 8 á mánudegi til kl. 16 á föstudegi. Hér eru 15 rúm ætluð sjúklingum með margs konar langvinna eða bráða sjúkdóma. Deildin er auk þess sérhæfð legudeild fyrir sjúklinga með húðsjúkdóma.

Starfsfólk

Á deildinni starfa læknar, hjúkrunarfræðingar, sjúkra-liðar, ritarar og aðstoðarfólk. Húðsjúkdómalæknar eru með fasta viðveru á deildinni en aðrir læknar koma frá sérsviðum lyflækninga. Hjúkrunarfræðingar skipuleggja og bera ábyrgð á þeirri hjúkrun sem þeir og sjúkraliðar á deildinni veita.

Starfsfólk deildarinnar er í nánú samstarfi við ýmsa fagaðila, eins og sjúkrapjálfa, iðjupjálfa, næringarfræðinga, presta, félagsráðgjafa og starfsmenn öldrunarteymis. Leitað er eftir aðstoð þeirra eftir því sem þörf er á.

Markmið starfsfólksins er að veita heilðræna meðferð í samvinnu við sjúklinga og aðstandendur þeirra.

Daglegt líf á deildinni

Á deildina leggjast inn sjúklingar á öllum tímum sólarhringsins og þarf þá að skoða og meta ástand þeirra. Þar sem aðeins eru tjöld á milli rúma, er nauðsynlegt að sjúklingar sýni þessu skilning og tillitssemi.

Húðmeðferð fer fram að hluta til á göngudeild húðsjúkdóma sem er á fyrstu hæð í Fossvogi. Deildin er

opin virka daga og er gert ráð fyrir því að sjúklingar ljúki meðferð sinni hér á deildinni á þeim tíma eða þeir fari heim um helgar og hátíðisdaga. Gangi það ekki eftir eru sjúklingar fluttir á aðra legudeild.

Stofugangur fer fram fyrir hádegi. Þá meta læknar ástand sjúklinga og þá er hægt að ræða við lækna og að spyrja spurninga. Einnig er hægt að biðja um viðtal við lækni í einrúmi eða á öðrum tímum.

Hjá hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum eru vaktaskipti kl. 8:00–8:30, 15:30–16:00 og 23:00–23:30. Á þessum tíma eru næstu vakt veittar upplýsingar um liðan sjúklinga.

Heimsóknir

Heimsóknartímar eru kl. 15–16 og 19–20. Heimsóknir eru að sjálfsögðu leyfðar á öðrum tímum í samráði við vakthafandi hjúkrunarfræðing; þó að jafnaði ekki fyrr en eftir aðhlynningu og stofugang á morgnana, af tillitsemi við aðra sjúklinga. Hafa ber í huga að veikt fólk þolir oft illa langar heimsóknir og marga gesti samtímis. Vinsamlegast sýnið öðrum sjúklingum líka tillitssemi í heimsóknum.

Matmálstímar

Kl. 08:30	morgunmatur
Kl. 12:00	hádegismatur
Kl. 14:30	síðdegiskaffi
Kl. 18:00	kvöldverður
Kl. 20:00	kvöldkaffi

Drykkjarföng fyrir sjúklinga og aðstandendur eru í og við ísskáp á gangi við stofu nr. 5. Þar geta sjúklingar einnig geymt drykki og ávexti. Merkja þarf allt sem sett er í kælskápin með nafni sjúklings og stofunúmeri.

Almennar upplýsingar

Hjúkrunarfræðingar deildarinnar gefa skráðum aðstandendum upplýsingar um liðan sjúklinga allan sólarhringinn.

Æskilegt er að aðstandendur komi sér saman um að einn þeirra sjái um samskipti við deildina og hafi síðan samband sín á milli.

Á deildinni er þráðlaus sími sem sjúklingar geta notað og aðgangur að nettengingu er á setustofu. Farsímar geta valdið öðrum sjúklingum ónæði og fólk er beðið að sýna tillitsemi við notkun slíkra síma og slökkva á hringingu eftir kl. 22 á kvöldin.

Komi sjúklingar með lyf á deildina er best að þau séu geymd í lyfjaherbergi deildarinnar.

Verslun Rauða krossins er í aðalanddyri spítalans á 2. hæð.

mánudaga-fimmtudaga	kl. 9:30-16:00 og 18:00-19:30
föstudaga	kl. 9:30-16:00
laugardaga og sunnudaga	kl. 14:00-17:00

Á sömu hæð eru einnig sjálfsalar með gosi og sælgæti. Hraðbanki er í anddyri á 1. hæð.